

Föstudaginn 1. marz 1957.

Nr. 20/1957. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Einari Júlíussyni**

(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru fyrir brot á gjaldeyrislögjöf.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavík-urflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eins og í héraðsdómi greinir, kveðst ákærði hinn 29. september 1956 hafa tekið við 20 dollurum sem greiðslu ökugjalds. Með þessu hefur ákærði eigi brotið gegn 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 né neinu öðru lagaboði. Lögreglan tók dollara þessa í sínar vörzlur hinn 5. október s. á. Eigi verður talið, að þá hafi verið orðinn óeðlilegur dráttur af hendi ákærða, sem búsettur er í Keflavík, á skilum þessa gjaldeyris til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Er því eigi heldur um að tefla brot gegn þeim ákvæðum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins og leggja á ríkissjóð allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2300.00.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Einar Júlíusson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr.

1500.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2300.00.

**Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 31. desember 1956.**

Mál þetta, er dómtekið var 29. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Einari Júlíussyni bifreiðarstjóra, Hafnargötu 82, Keflavík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins, dags. 7. nóvember s. l., fyrir að hafa gerzt sekur um gjaldeyrislagabrot samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. með því að hafa laugardaginn 29. september 1956 veitt viðtöku 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds frá 3 erlendum flugmönnum á Keflavíkurflugvelli.

Ákærist nefndur Einar Júlíusson til þess að sæta refsingu og upptöku hinna 20 bandaríkjadollara samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Hinn 12. desember 1956 var gefið út framhaldsákæruskjal í máli þessu, þar sem segir, „að til leiðréttingar samkvæmt 118. gr. laga nr. 27/1951 og með tilvísun til ákæruskjals, dags. 7. nóvember 1956, í máli ákærvaldsins gegn Einari Júlíussyni, ber aðallega að höfða opinbert mál gegn Einari Júlíussyni bifreiðarstjóra, Hafnargötu 82, Keflavík, sem er fæddur 29. nóvember 1918 í Keflavík, fyrir að hafa gerzt sekur um gjaldeyrislagabrot samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 13. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. með því að hafa laugardaginn 29. september 1956 veitt viðtöku 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds frá 3 erlendum flugmönnum á Keflavíkurflugvelli, til vara fyrir að hafa vanrækt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. áður nefnda 20 bandaríkjadollara, en það varðar við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953 og 4. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyris-

mála, fjárfestingarmála o. fl. Að öðru leyti vísast til ákæruskjals 7. f. m.“

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 9. nóvember 1918 í Keflavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt 40.00 króna sekt fyrir bifreiðalagabrot þann 26. apríl 1935 í Hafnarfirði.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 5. október s. l., kl. 22.50, veitti lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli því athygli, að farþegi, sem sat í aftursæti í bifreiðinni Ö 90, þar sem hún stóð við blokk 744 í Meeks, henti peningaseðli, sem lögreglumanninum fannst vera hermagnagjaldeyrir, í bifreiðarstjórnann, en farþeginn stígur síðan út og hleypur inn í blokkina.

Bifreiðarstjórinn, ákærði í máli þessu, fékk lögreglumanninum strax hermagnagjaldeyrinn, sem fleygt var, og var það einn dollar. Þá leyfði ákærði lögreglumanninum að leita á sér, og fundust við þá leit \$20.00 í Bandaríkjadollurum, sem lögreglumaðurinn tók í sína vörzlu.

Ákærði hefur komið sjálfur fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi laugardaginn 29. september s. l. ekið þremur erlendum flugmönnum frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur og til baka. Ákærði segir, að menn þessir hafi verið flugmenn á flugvél, sem var biluð hér og verið var að gera við. Er til baka kom, segir ákærði, að menn þessir hafi ekki haft annað en bandaríska dollara til þess að greiða ökugjaldið með, sem var 335.00 krónur, og kveðst ákærði hafa samþykkt að taka \$20.00 sem greiðslu ökugjaldsins.

Vitnið Björn Albert Bjarnason lögregluþjónn, segir, að ákærði hafi fúslega leyft sér að leita í veski sínu umrætt sinn, og við þá leit kveðst vitnið hafa fundið \$20.00 í bandarískum gjaldeyri. Vitnið hefur sagt, að ákærði hafi tjáð sér, að hann hefði móttekið dollara þessa sem greiðslu fyrir ökuferð nokkrum dögum áður af bandarískum mönnum, sem hér hefðu verið á snöggri ferð og ekki haft aðra peninga til þess að greiða með.

Af gögnum málsins, sem rakin voru, þykir ákærði hafa brotið laga- og reglugerðarákvæði, sem í aðalákæru framhaldsákæruskjals greinir, með því að hafa veitt viðtöku laugardaginn 29. september 1956 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 frá 28. desember 1953 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3

daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. heimild í 11. gr. laga nr. 88/1953, ber að gera umrædda 20 bandaríska dollara upptæka til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800.00.

Ákærði hefur óskað að gera réttarsátt vegna \$1.00 í hermanna-gjaldeyri, sem getið er í lögregluskýrslu, og féllst dómari á það.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

#### Dómsorð:

Ákærði, Einar Júlíusson, greiði 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækir skulu til ríkissjóðs 20 bandarískir dollarar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---